

104

11. des.

## AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð  
fyrir Háskóla Íslands, nr. 47/1942.

Forseti Íslands hefur hinn 1. þ. m. samkvæmt tillögu menntamálaráðuneytisins fallist á svofellda breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47/1942.

## 1. gr.

Aftan við 51. gr. komi svofelld viðbót:

IV. Próf í íslenzku fyrir erlenda stúdenta: baccalaureatus philologiae Islandicae (bacc. philol. Isl.). Námsstími er áætlaður 4—6 kennslumisseri. Prófgreinar eru fjórar: Málfræði, þýðingar, bókmenntasaga og textaskýringar. Prófin skulu vera sex, þrjú skrifleg og þrjú munnleg.

Skrifleg próf: 1. málfræði, 2. þýðing úr íslenzku á móðurmál stúdentsins eða eitthvert heimsmál og úr því máli á íslenzku, 3. bókmenntasaga.

Munnleg próf: 1. málfræði, 2. bókmenntasaga, 3. textaskýringar.

Fyrir hvert próf skal gefin sérstök einkunn. Til þess að standast prófið þarf stúdentinn að hafa hlotið, auk tilskilinnar meðaltalseinkunnar (sbr. 45. gr.), hið lægsta einkunnina 5 í þýðingum.

Nánari reglur um námsefni setja kennararnir í íslenzkum fræðum.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í menntamálaráðuneytinu, 11. desember 1954.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Jóhannes Eliasson.*

105

17. des.

## L Ö G

um breyting á tilskipun 9. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi,  
með nokkrum breytingum, lög 3. jan. 1851, um prentfrelsi.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. gr. tilskipunarinnar orðist svo:

Sá, sem annast prentun rits hér á landi, skal á hverju eintaki ritsins geta nafns síns eða firma svo og prentunarstaðar. Með sama hætti skal útgefandi rits nafngreina sig í hverju eintaki þess.

## 2. gr.

2. gr. tilskipunarinnar orðist svo:

Nú er nafngreining samkvæmt 1. gr. vanrækt eða rangt skýrt frá nafni prentara, útgefanda eða prentunarstað, og varðar það þá sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.